

Tæknileiðbeiningar fyrir Skjólgarð

Þegar íbúi flytur inn þarf að huga að tæknimálum. Íbúa er frjálst að koma með sitt eigið sjónvarp, útvarp, tölvu, spjaldtölvu eða síma/snjallsíma. Skjólgarður er gamalt hús sem er með takmörkuðum möguleikum fyrir net og sjónvarp. Mælt er með að fá leiðbeiningar hjá húsverði.

WiFi:

Þráðlaust gestanet er í húsinu sem nýtist fyrir síma og spjaldtölvur. Upplýsingar um lykilorð fást hjá framkvæmdastjóra hjúkrunar.

Sjónvarp:

Hægt er að tengja sjónvarp inni á hverju herbergi í gegnum loftnet. Ha Túbusjónvörp eru óheimil vegna eldhættu og taka óþarfa pláss.

Starfsmenn Skjólgarðs eru ekki sérfræðingar að setja upp ný sjónvörp. Leitið til seljenda sjónvarpsins eða ættingja sem er vel að sér í tæknimálum ef þið lendið í vandræðum með að finna stöðvar. Við erum ekki með tæknimann í húsinu til að leysa slík mál.

Ekki er heimilt að hengja flatsjónvarp upp á vegg.

Símar:

Mælt er með því að hver íbúi sé með eigin farsíma því það er einfaldast í notkun. Vegna aldurs hússins þá er símkerfið úrelt og afkastageta þess mjög takmörkuð. Því er mælt eindregið með að íbúinn sé með eigin farsíma í stað borðsíma.

Annað:

Athugið að Skjólgarður ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að eiga sér stað á dýrum tækjum og tryggingar stofnunarinnar bæta ekki mögulegar skemmdir.